



Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands

María Rúnarsdóttir



Maria Rúnarsdóttir,
formáður félagsráðgjafafélags Íslands

Kæru félagsráðgjafar. Ég vil þakka öllum þeim sem hafa lagt verkefnum félagsins lið á þessu starfsári. Félagið byggist á virkni félagsmanna og áhuga á að vekja athygli á félagsráðgjöf og störfum félagsráðgjafa. Gildi Félagsráðgjafafélags Íslands eru *fagvitund, framsækni og frumkvæði* sem endurspeglast í starfi félagsins, sem er bæði fag- og stéttarfélag.

Félagsráðgjafafélag Íslands hefur lengi barist fyrir lögverndun starfa félagsráðgjafa en áhugi og vilji stjórnavalda verið líttill. Rökin hafa verið þau að stéttin sé af fámenn til að hægt sé að lögvernda störf félagsráðgjafa sem vinna í fjölmörgum málaflokkum á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu. Félagsráðgjöfum fjölgar hratt því nú útskrifast fjölmennstu árgangar allra tíma með starfsréttindi í félagsráðgjöf. Við erum því vongóð um að ná markmiði okkar samhliða heildarendurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, þeirri fyrstu frá því löginn tóku gildi árið 1992. Fulltrúar félagsins hafa fundað með félags- og húsnæðismálaráðherra þar sem skýrt var frá beiðni félagsins um að störf félagsráðgjafa í félagsþjónustu verði lögvernduð og það haft til hliðsjónar við heildarendurskoðun laganna. Í umsögn félagsins um frumvarp til laga um skilyrðingu fjárhagsaðstoðar ítrekar félagið mikilvægi þess að ákveðinn fjöldi félagsráðgjafa starfi hjá hverju sveitarfélagi til að tryggja fagleg vinnubrögð sem grundvallist á mannréttindum og mannvirðingu. Til að svo megi verða teljum við brýnt að sammaelst verði um viðmið fyrir málafjölda í störfum félagsráðgjafa. Slík vinna er hafin með Reykjavíkurborg sem við bindum miklar vonir við.

Í kjaraviðræðum við ríkið hafa aðildarfélög BHM sett menntun á oddinn og krefjast að laun taki mið af menntun og þeim kostnaði sem öflun hennar felur í sér. Félagsráðgjafafélagið berst jafnframt fyrir því að fá starfsréttindi félagsráðgjafa metin til launa, en frá árinu 2010 hafa félagsráðgjafar útskrifast með fimm ára MA nám til starfsréttinda í stað fjögurra áður. Félagið tekur þátt í verkfallsaðgerðum sem aðildarfélög BHM standa

fyrir þar sem um 3000 háskólamenn leggja niður störf ef ekki semst en háskólamenn hafa ekki verið í alls-herjarverkfalli frá árinu 1989.

Félagsráðgjafing var haldið í annað sinn við góðar undirtektir og mikla þátttöku félagsmanna. Undirbúningsnefnd skipuð fulltrúum Félagsráðgjafafélagsins, Félagsráðgjafardeild HÍ/RBF, Hollvinafélags Félagsráðgjafardeilda og ÍS-FORSA, skipulagði þingið en dagskráin samanstóð af málstofum, vinnustofum og umræðustofum um margvísleg málefni sem eru félagsráðgjöfum hugleikin. Deginum lauk með úthlutun úr Vísindasjóði þar sem þrír félagsráðgjafar hlutu styrki vegna rannsóknaverkefna og félagið fékk styrk til að koma *Tímariti félagsráðgjafa* í rafrænt form sem nú má finna á slóðinni: www.timaritfelaugsradgjafa.is.

Stjórн félagsins vill leggja sitt af mörkum til að auka þátttöku félagsráðgjafa í ráðstefnum, erlendum sem innlendum. Á árinu 2015 eru tvær erlendar ráðstefnur sem við vonumst til að fjöldi félagsráðgjafa sækí: *Courage in Social Work* sem haldin er í Helsinki í júní og *Social Work Partnerships in Europe* haldin í Edinburgh í september. Átta íslenskir félagsráðgjafar verða með málstofur á þessum ráðstefnum og hafa þeir fengið styrki frá samtökum félagsráðgjafafélaga á Norðurlöndum (NSSK) til þátttöku. Stjórн félagsins vinnur nú að umsókn um að halda Evrópuráðstefnu félagsráðgjafafélaga hér á Íslandi árið 2017 og bindum við vonir um jákvæðar undirtektir.

Útgáfa *Tímarits félagsráðgjafa* ár hvert er eitt af stóru verkefnum félagsins. Það er með mikilli ánægju sem við gefum út 9. árgang tímaritsins okkar sem birtir að þessu sinni átta greinar auk annars efnis. Veg og vanda af útgáfu tímaritsins frá 4. árgangi þess hefur dr. Sigrún Júlfusdóttir, ritstjóri haft en þetta er síðasti árgangurinn sem hún ritstýrir. Sigrún hefur fylgst vel með starfsemi félagsins og náð að virkja félagsmenn til að miðla þekkingu sinni í tímaritinu og stuðla þannig að framgangi þess. Færir Félagsráðgjafafélag Íslands henni innilegar þakkir fyrir óeigingjarnt starf í þágu tímaritsins og félagsins okkar og óskar henni velfarnaðar í nýjum verkefnum.